

Samantekt á áherslum stefnuskjal og gögnum á samráðsvettvangi sveitarfélaga á Vestfirðum og samspil þeirra við gerð Svæðisskipulag Vestfjarða. (Apríl 2024)

Ákvörðun um gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði, byggir á ályktun 67. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, sem haldið var á Patreksfirði 8.-10. september 2022 og beinir þeim tilmælum til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga að láta hefja vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði hið fyrsta. Segir síðan í ályktunni að

„Svæðisskipulagið marki meginstefnu og langtímaframtíðarsýn í umhverfis- og byggðamálum Vestfjarða, þar sem hagsmunir sveitarfélaganna fari saman til að stuðla að uppbyggingu Vestfjarða sem landfræðilegri, hagræni og félagslegri heild sem styrkir byggðaðþróun á Vestfirðum til framtíðar.“

Öll aðildarsveitarfélög Fjórðungssambands Vestfirðinga þ.e. Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð, Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur samþykktu aðild að svæðisskipulagsnefnd í maí og júní 2023. Nefndin kom saman til fyrsta fundar þann 7. október 2023 þar sem samþykkt var útboð á gerð svæðisskipulags. Niðurstaða útboðs var að samið var við VSÓ ráðgjöf og þeirra samstarfsaðila Urbana ehf í byrjun febrúar 2024.

Skipulagssvæði tekur til alls lands og strandsvæðis framangreindra sveitarfélaga eða svæði nær frá Brekkuá í Gilsfirði að vestan og austur um að Stikuhálsi milli Bitru og Hrutafjarðar. Í þessum sveitafélögum eru þéttbýliskjarnarnir eftirfarandi, Drangsnes, Hólmavík, Reykhólar, Patreksfjörður, Tálknafjörður, Bíldudalur, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Bolungarvík, Hnífsdalur, Ísafjörður í Skutulsfirði og Súðavík.

Sveitarfélög á Vestfirðum sem standa að gerð svæðisskipulags eiga samstarfi í gegnum aðild sína að Fjórðungssambandi Vestfirðinga og þar með beinni eða óbeinni aðild að stefnuskjölum er varða hagsmuni alls landshlutans. Fjórðungssamband horfir til að víðtæks samspils með fyrirlieggjandi stefnuskjölum við gerð svæðisskipulagsins.

Með tvennum hætti má skipta þessu samspili í meginþætti, annars vegar leggi stefnuskjölin grunn fyrir svæðisskipulagið við upphaf vinnunnar. Hinsvegar þá er sett að markmiði að svæðisskipulagið verði sú áætlun (stefnuskjal) sem til framtíðar litið móti framtíðarsýn og leiðarljós fyrir aðrar áætlanir (stefnuskjöl) og hlutverk þeirra verði að hrinda í framkvæmd þeirri framtíðarsýn sem svæðisskipulagið setur.

Þessi markmið voru sett sem viðauki (Viðauki III) við útboð Svæðisskipulags Vestfjarða ásamt yfirliti um gildandi og fyrirhuguð stefnuskjöl auk annarra gagna um samfélag og atvinnulíf. Nú verða stefnuskjöl skoðuð sem viðauki við tillögu að lýsingu skipulagsins sem Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða samþykkti að senda sveitarfélögum til afgreiðslu á fundi þann 4. apríl 2024 (viðauki II).

Í lýsingu svæðisskipulagsins er settur fram sá ásetningur að það sé vilji sveitarfélaganna;

- Svæðisskipulagið verði það stefnuskjal sem móti framtíðarsýn fyrir skipulag sveitarfélaganna og allar aðrar áætlanir (stefnuskjöl) fjórðungsins. Hlutverk þeirra verði að hlutgera framtíðarsýn svæðisskipulagsins
- Svæðisskipulagi er ætlað að vera hreyfiafl framfara og sameiginlegt verkfæri sveitarfélaganna og landshlutans í samskiptum sín á milli og út á við, verkfæri sem

styrkir stöðu Vestfjarða. Svæðisskipulagið verður þannig farvegur sameiginlegra hagsmuna Vestfirðinga.

- Gildi svæðisskipulagsvinnunnar fyrir landshlutann felst ekki síður í ferðalaginu en afurðinni., Það að koma saman og móta skipulagið eykur enn frekar samtakamátt og samheldni sveitarfélaganna.
- Svæðisskipulag Vestfjarða á að draga fram þætti sem efla samfélagið á Vestfjörðum með frumkvæði, þekkingu og samvinnu að leiðarljósi.
- Við svæðisskipulagsgerðina skal svæðisskipulagsnefndin vinna með sjálfbærni til grundvallar stefnumörkun í öllum málaflokkum.
- Settar verða fram aðgengilegar upplýsingar um sérstöðu svæðisins og sóknarfæri með skýrum hætti.

Hér verða dregnar saman helstu áherslur byggð á yfirliti áætlanir og gögn sem varða samfélög og atvinnulíf á Vestfjörðum og lagt mat á hvernig þær tengjast gerð svæðisskipulags.

Er umfjöllun skipt upp eftir því hvaða áætlanir eru nú í gildi, hvaða áætlanir eru í endurskoðun, hvaða áætlanir eru fyrirhugaðar, lykilgögn eða skýrslur er varða innviði og samfélög og að lokum eldri gögn sem telja verður að séu mikilvæg fyrir komandi vinnu að gerð svæðisskipulags. Gefin er umsögn um hverjar eru væntar áskoranir við skipulagsvinnuna.

(Greinargerðin er unnin á grunni viðauka III með útboði á gerð Svæðisskipulags Vestfjarða en er hér uppfærð og aðlöguð að lýsingu svæðisskipulagsins. Efni greinargerðarinnar var kynnt á fundi Svæðisskipulagsnefndar þann 4. apríl 2024)

Innihald

Stefnuskjöl, í gildi	4
Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024	4
Strandsvæðaskipulag Vestfjarða	4
Áfangastaðaáætlun Vestfjarða, endurskoðuð aðgerðaáætlun 2024 og Vestfjarðaleiðin	6
Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030	7
Stefnuskjöl, fyrirhuguð eða í vinnslu	8
Sóknaráætlun Vestfjarða 2025 – 2029	8
Svæðisáætlun um úrgangsmál á Vestfjörðum	8
Loflagsstefna	9
Orkumál og flutningsmál raforku	10
Þjóðgarður á Vestfjörðum	13
Sóknarhópur Vestfjarðastofu	13
Samspil og samþætting stefnuskjala	14
Sóknaráætlun 2025-2029	14
Krossgötur, Sviðsmyndir	14
Áfangastaðaáætlun Vestfjarða 2018, endurskoðuð aðgerðaáætlun 2021 og 2024 og Vestfjarðaleiðin	14
Sóknarhópur Vestfjarða	14
Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030	15
Orkumál og flutningsmál raforku	15
Jarðgangaáætlun Vestfjarða og Samfélagsgreining vegna jarðgangna	15
Þjóðgarður á Vestfjörðum	15
Gögn um samfélag og atvinnulíf	15
Íbúakannanir	15
Samfélagssáttmáli sveitarfélaga um fiskeldi	16
Innviðagreiningar	16
Menningarmál og menningarstefna	16
Fyrri vinna og eldri gögn	16
Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum vegna svæðisskipulagsgerðar	16

Stefnuskjöl, í gildi

Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024¹

Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 er nú á síðasta starfsári áætlunarinnar, áætlunin var samþykkt 2020² en var endurskoðuð á árinu 2022 og tók endurskoðuð áætlun gildi í upphafi árs 2023. Í áætluninni er sett fram framtíðarsýn, markmið og áherslur samkvæmt lögum um byggðaáætlanir og sóknaráætlanir³ og vinnur hver landshluti (8 alls) hver sína áætlun⁴

Við undirbúning Sóknaráætlunar á árinu 2019 var framkvæmd sviðsmyndavinna sem KPMG stýrði, nefnist afurð vinnunnar, Á krossgötum – Sviðsmyndir um mögulega þróun atvinnulífs og mannlífs á Vestfjörðum til 2035⁵.

Umsögn

Sóknaráætlun 2020 – 2024 hafði fjölda markmiða og áherslna sem að hluta hafa náð fram en önnur minna. Árangur hennar verður lagður til grundvallar nýrri sóknaráætlun og vísast til þeirrar umfjöllunar.

Strandsvæðaskipulag Vestfjarða⁶

Strandsvæðaskipulag Vestfjarða var staðfest af innviðaráðherra þann 7. mars 2023.

Skipulagssvæði strandsvæðisskipulags Vestfjarða nær yfir firði og flóa frá Bjargtöngum í suðri að Straumnesi í norðri. Að skipulagssvæðinu liggja sex sveitarfélög, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Strandabyggð.

Mörk skipulagssvæðisins til lands eru við netlög, 115 m út frá stórstraumsfjöruborði, en staðarmörk sveitarfélaga miðast við netlög. Til hafs nær skipulagssvæðið að viðmiðunarlínu sem skilgreind er í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Umsögn

Áherslur í strandsvæðisskipulagi eiga að byggja á stefnu um skipulag haf- og strandsvæða sem er sett fram í Landsskipulagsstefnu. Jafnframt skal gætt að samræmi við aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga. Þá er einnig horft til annarra áætlana stjórnvalda sem varða nýtingu og vernd á strandsvæðum. Strandsvæðisskipulag leggur grunn að leyfisveitingum fyrir framkvæmdum og annarri starfsemi á því svæði sem skipulagið tekur til.

Skipulagið setur leiðarljós og framtíðarsýn um þróun samfélaga og byggðar, vernd umhverfis og náttúru, fyrirkomulag innviða og orku og um auðlindanýtingu. Leiðarljós strandsvæðaskipulags;

- að skapa heildarsýn á málefni hafsins, nýting auðlinda sé sjálfbær og með vistkerfisnálgun.
- auka viðnámsþrótt samfélaga gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- bæta lífsgæði og samkeppnishæfni

Skipulagsákvæði strandsvæðaskipulags tengjast sex flokkum (sjá mynd) og þurfa umfjöllun í svæðisskipulagi, í að samræma eða óska eftir breytingum strandsvæðaskipulags til samræmis

¹ <https://www.vestfirdir.is/static/files/Soknaraaetlun/soknaraaetlun-vestfjarða-endurskodud-2023.pdf>

² https://www.vestfirdir.is/static/files/Soknaraaetlun/vestfjardastofa_soknaraaetlun-2020-2024.pdf

³ <http://www.althingi.is/lagas/153c/2015069.html>

⁴ https://www.vestfirdir.is/static/files/Soknaraaetlun/soknaraaetlanir_einblodungur-003-.pdf

⁵ https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/nmi_a-krossgotum_loka.pdf

⁶ <https://www.hafskipulag.is/strandsvaedisskipulag/skipulag-i-vinnslu/strandsvaedisskipulag-vestfjarða/skjol/#>

við svæðisskipulag.



Mynd 4. Uppbygging stefnu og ákvæða í skipulagsgreinargerð strandsvæðisskipulagsins

Umhverfi og náttúra:

Friðun strandsvæða einkum gagnvart staðbundinni nýtingu eru veruleg, m.t.t. vistkerfisnálgun, búsvæði verndaðra lífvera og friðun aðliggjandi landsvæða. Innanverðir firðir og fuglabjörg og Jökulfirðir í heild sinni eru slík svæði. Svæðisskipulag þarf að skoðast í samhengi við þessa friðun þ.e. ekki verði sett upp starfsemi á landi er raski umhverfi þessara svæða eða kalla eftir breytingum.

Siglingar, lagnir og vegir:

Strandsvæðið er almenningur með frjálstri för skipa og báta að teknu tilliti til öryggi siglingaleiða. Staðbundin starfsemi setur nú takmörk á þennan almenning, hún skerðir öryggi siglinga og getur sett hindranir fyrir hefðbundnar veiðar og siglingar farþegabáta og skipa.

Með mótvægisáðgerðum má draga verulega úr áhrifum af staðbundinni starfsemi og fókus svæðisskipulagsins er að vinna að því að finna hér jafnvægi til að staðbundin starfsemi geti fundið sér stað án mikilla hindrana fyrir aðra þætti. Nýting sjávarflatar (almennings) með staðbundinni starfsemi skapar auknar tekjur og eflir samfélög umfram það sem siglingar og veiðar gefa af sér í dag.

Innan strandsvæðis liggja mikilvæg veitukerfi sem þurfa vera í samræmi við veitukerfi á landi. Þveranir fjarða á Vestfjörðum vegna stofnvegaframkvæmda er að mestu lokið og ætti ekki að vera ágreiningsmál í svæðisskipulagi, en þar hefur þurft framkvæmdaleyfi sveitarfélaga.

Orkuvinnsla

Strandsvæðaskipulag vekur athygli á að gera verði ráð fyrir orkuvinnslu innan strandsvæðis. Í skýrslunni Vindorka á hafi (apríl 2023) er talið sé líklegt að slík verkefni fari í fyrsta lagi af hugmyndastigi á framkvæmdastig eftir 2030. Fyrsta kastíð er talið að um verði að ræða vindorkuver þar sem vindmyllur eru byggðar á hafsbotni, a.m.k. að 40 m dýpi og jafnvel 100 m en ólíklegt að byggðar verði fljótandi vindmyllur.

Sjávarfallavirkjanir eru í þróun en í strandsvæðaskipulagsstefnunni er einnig vakin athygli á mögulegri þróun og hafa ber í huga við ákvarðanir um aðra starfsemi á strandsvæðinu.

Hentugar landfræðilegar aðstæður eru taldar vera við Vestfirði fyrir vindorkuver og sjávarfallavirkjanir s.s. botngerð og sjávardýpi og það geta verið svæði innan sem utan marka svæðisskipulags og strandsvæðaskipulags.

Fylgjast þarf með þróun þessara mála en leiða má líkum að þetta viðfangsefni kæmi meira inn við endurskoðun svæðisskipulags eftir 2030. En áskorun felst í hvort heimila eigi uppbyggingu orkuvera í strandsvæðinu og setning stefnuviðmiða. Ef stefnuviðmið eru fylgjandi slíkri starfsemi þá er fókussinn hvaða svæði verði þá síðar tekin undir slíka starfsemi.

Auðlindanýting.

Meginhluti strandsvæðis við Vestfirði er opin fyrir almennri nýtingu en hluti er fyrir staðbundna nýtingu. Hluttur sjókvíaeldis í staðbundinni nýtingu er hér stærstur. Sjókvíaeldi er orðin mikilvæg starfsemi fyrir samfélag og atvinnulíf Vesturbyggðar, Tálknafjarðarhrepps, Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps og einnig að hluta fyrir Strandabyggð. Fulltrúar þessara sveitarfélaga í svæðisráði strandsvæðaskipulagsins voru samstíga í mótun og samþykki tillögu um staðbundna starfsemi.

Fokus þessara sveitarfélaga er að tryggja stöðugleika fyrir sjókvíaeldi og gæta yrði þar samræmis í svæðisskipulagi. Sveitarfélögin hafa einnig fengið viðurkennt að samfélögin eigi hlutdeild í auðlindarentu með álagningu fiskeldisgjalds, sem nýtt er til að efla og byggja upp innviði sveitarfélaganna til að mæta fjölgun íbúa og annara umsvifa vegna uppbyggingar fiskeldis.

Mótun stefnu í lagareldi að hálfu matvælaráðuneytis er nýlega lokið en ætla má að stefnan verði tekin upp að nýju enda atvinnugreinin í hraðri þróun. Stefnumörkun í svæðisskipulagi verður að telja að skapi sterkari stöðu fyrir fulltrúa í svæðisráði Strandsvæðaskipulags að fylgja eftir sjónarmiðum sveitarfélaga þegar kemur að endurskoðun stefnuskjala.

[Áfangastaðaáætlun Vestfjarða⁷](#), [endurskoðuð aðgerðaáætlun 2024⁸](#) og [Vestfjarðaleiðin⁹](#) Ferðaþjónusta er ein megin vaxtagreina landshlutans og líklega sú atvinnugrein þar sem skipulag landnotkunar hefur hvað mest áhrif á. Á vegum Markaðsstofu en nú Áfangastofu Vestfjarða sem heyra undir Vestfjarðastofu, hefur í samvinnu við stjórnvöld, sveitarfélög og ferðaþjónustuaðila, verið mörkuð stefna um hverjir séu mikilvægustu áfangastaðir landshlutans og forgangsröðun aðgerða til að auka athygli á þeim en um leið að tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra. Stefnan hefur verið uppfærð í þrígang og nú síðast í mars 2024.

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða setur að markmiði

„Vestfirðir eru sjálfbær gæðaáfangastaður þar sem arðbær ferðaþjónusta er rekin í sátt við umhverfi og samfélag. Ferðamannaleiðin Vestfjarðaleiðin byggist upp samhliða þróun í afþreyingu sem byggir á sérkennum svæðisins, ægifagurrar náttúru og heildstæðra þorpsmynda allt árið um kring“

⁷ https://www.vestfirdir.is/static/files/Ferdathjonusta/Afangastadaaaetlun/afangastadaaaetlun_vestfjarda.pdf

⁸ https://www.vestfirdir.is/static/files/Ferdathjonusta/Afangastadaaaetlun/121089-vestfjardastofa_dmp24-isl-web.pdf

⁹ <https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/markads-og-afangastadastofa/vestfjardaleidin>

Markaðsetning svæðisins er grundvölluð á náttúru og menningu og fókus er á ferðamennsku undir formerkjum, náttúru, sjálfbærni, upplifun, menningu- og arfleið og vetrarferðum (lengingu ferðmannatímans).

Ferðaþjónusta með náttúru og menningu sem helsta áherslusvið:

- Náttúruferðamennska (e. nature-based tourism)
- Sjálfbær ferðamennska (e. sustainable tourism)
- Upplifunarferðamennska (e. experience tourism)
- Menningar- og arfleifðarferðamennska (e. culture and heritage tourism)
- Vetrarferðamennska (e. winter tourism)

Stefnan er að á Vestfjörðum verði ekki massa ferðaþjónusta en megináhersla á að byggja upp ferðaþjónustu fyrir gesti sem eru tilbúnir að dvelja lengur og borga fyrir gæði. Sjálfstæði landkönnuðurinn er sá markhópur, miðað við markhópagreiningu Íslandsstofu, sem flestir telja að henti vestfirskri ferðaþjónustu.

Opnun Dýrafjarðargangna 2020, endurbætur á stofnvegakerfi Vestfjarða (sem enn er með óbundnu slitlagi) og með samþættingu með vegakerfi í Dalasýslu, hefur opnað nýja hringleið fyrir ferðaþjónustu á Íslandi, „Vestfjarðaleiðin“. Unnið hefur verið stefnuskjal Vestfjarðaleiðarinnar, með ferðaþjónustuaðilum á Vestfjörðum og Dalasýslu þar sem náttúra, saga og menning þessara landshluta er tengd við leiðina og áfangastaði henni tengd.

Umsögn. Fókus svæðisskipulags er að tryggja góðar samgöngur á áfangastaði og ekki sé gengið á þölmörk þeirra. Eins verði ekki gengið á þölmörk íbúa og sérkenni samfélaga sé verndað gegn massa ferðaþjónustu.

Áskorun sveitarfélaga er að leitast við að ná markmiðum um framþróun í orkumál, fiskeldi og ferðaþjónustu sem rekast á markmiðum að varveita meginadráttar aðdráttarafi landshlutans, sem felst í ósnortinni eða lítt snortinni náttúru, landslagi og lífríki með áherslu á vistkerfisnálgun og í að varðveita ósnortin víðerni.

Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030¹⁰

Framtíðarsýn og leiðarljós svæðisskipulagsins leggja upp með að efling atvinnulífs og mannlífs byggi á auðlindum og sérkennum náttúru, landslagi, menningu og sögu svæðisins. Eins gildi umhyggju, ást og virðingu fyrir framangreindum þáttum sem leiði til ró og innblásturs fyrir heildarupplifun af skipulagssvæðinu og styrki staðaranda þess.

Settar eru fram forsendur og markmið til að ná fram þessari framtíðarsýn og leiðarljós um sjálfbæra framþróun landbúnaður, sjávarnyrtjar, ferðaþjónustu með áherslu á svæðismark (staðaranda) skipulagssvæðisins.

Aðild Strandabyggðar og Reykhólahrepps að tveimur svæðisskipulagsgerðum á sama tíma er heimil, svo lengi að ekki sé skörun á stefnuviðmiðum.

Umsögn. Áskorun við svæðisskipulagsgerð felst líklega í mismunandi nálgun á nýtingu auðlinda nærsamfélagsins og uppbygging nauðsynlegra innviða. Telja verður að stefnumörkun svæðisskipulags Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar leggi áherslu á nærfærna nálgun sem getur skarast á við áherslur um aukna nýtingu. Staða sveitarfélaga er einnig mismunandi, þar eru sveitarfélög sem hafa búið við vöxt á síðustu

¹⁰ <http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?numer=14447>

árum á svæðinu frá Patreksfirði til Ísafjarðardjúps og þeirra sveitarfélaga sem hafa búið við stöðnun þ.e. Strandabyggð og Árneshreppur. Kaldrananeshreppur og Reykhólahreppur standa þarna mitt á milli.

Það má telja sem kost fyrir svæðisskipulagsgerð er að Dalabyggð er með í þessu svæðisskipulagi með vísan til samvinnu ferðaþjónustu og sveitarfélaga um uppbyggingu Vestfjarðaleiðarinnar.

Stefnuskjöl, fyrirhuguð eða í vinnslu

Sóknaráætlun Vestfjarða 2025 – 2029

Hafin verður vinna að gerð nýrrar Sóknaráætlun Vestfjarða á árinu 2024, miðað er við að ný áætlun taki gildi á áramótum 2025 og gildi til ársins 2029. Vinna að áætluninni hefst á fyrri hluta árs 2024 og verður unnin samkvæmt ákvæðum 97. a greinar sveitarstjórnarlaga 138/2011¹¹ um sóknaráætlanir landshluta.

Umsögn: Mótun nýrrar sóknaráætlunar er unnin í samstarfi við Urbana og VSÓ ráðgjöf. Áskorunin er að vinna að markmiðum og áherslur nýrrar sóknaráætlunar verði samþættar vinnu að gerð svæðisskipulags.

Hér undir er samtal um stefnuviðmið sóknaráætlunar og svæðisskipulags leiði til sameiginlegrar niðurstöðu. Sú niðurstaða getur falið í sér mikla samþættingu, en getur einnig verið samþætting að því marki að skipta upp málavíðum sem hvor áætlunin fyrir sig hefur að viðfangsefni, en stefni að sömu framtíðarsýn. Mótun áhersluverkefna innan sóknaráætlunar hafi að leiðarljósi að þau leiði til þess að hrinda markmiðum svæðisskipulags í framkvæmd.

Svæðisáætlun um úrgangsmál á Vestfjörðum

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið 8.-10. september á Patreksfirði lagði til við Vestfjarðarstofu að vinna svæðisáætlun um sorp fyrir alla Vestfirði.

Í greinargerð með ályktuninni segir eftirfarandi;

„Svæðisáætlun verði samræmd stefna sveitarfélaga á Vestfjörðum, unnin í takt við Earthcheck umhverfissvottunina og gildandi reglur. Svæðisáætlunir sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs hafa þann tilgang að skapa umgjörð utan um samtal og stærri ákvarðanir sveitarfélaga á viðkomandi svæðum um úrgangsforvarnir og um söfnun og aðra meðhöndlun úrgangs. Með sameiginlegri sorpáætlun setja sveitarfélög sér metnaðarfull markmið um endurvinnslu, endurnýtingu og minni urðun. Aðgerðir til að

¹¹ [97. gr. a. Sóknaráætlunir landshluta.

Sóknaráætlunir landshluta eru stefnumótandi áætlunir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim kemur fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Í sóknaráætlunum landshluta skal mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af meginmarkmiðum byggðastefnu, landsskipulagsstefnu, skipulagsáætlunum, menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun.

Landshlutasamtök sveitarfélaga skulu vinna sóknaráætlunir hver á sínu starfssvæði og bera ábyrgð á framkvæmd þeirra.

Sóknaráætlunir eru unnar í samvinnu við samráðsvettvang viðkomandi landshluta sem er samstarfsvettvangur sveitarfélaga, ríkisstofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra hagsmunaaðila í hverjum landshluta.

Þar sem atvinnu- og þjónustusóknarsvæði, eins og þau eru skilgreind í byggðastefnu, ná yfir tvo eða fleiri landshluta skulu viðkomandi landshlutasamtök sveitarfélaga samhæfa sóknaráætlunir sínar.

Byggðastofnun leggur mat á framvindu sóknaráætla og hefur eftirlit með fjárreiðum þeirra.] ¹⁾

ná markmiðum verða skýrari og fræðsla til íbúa verður samstillt milli sveitarfélaga. Heildarstefna fyrir svæðið veitir aðhald og er upplýsandi. Hún er lýsandi fyrir stöðuna eins og hún er í dag og skilgreinir markmið með tímaáætlun og ábyrgðarskiptingu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, skal sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn. Samkvæmt breytingu á þessari sömu lagagrein (25. júní 2021, lög 103/2021), sem kemur til framkvæmda 1. janúar 2023, skal Umhverfisstofnun hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gefi út svæðisáætlanir og sendi umhverfisráðuneytinu ábendingu ef „sveitarstjórn gefur ekki út svæðisáætlun eða svæðisáætlun er ekki í samræmi við lög og reglur.“ Í svæðisáætlun þarf að koma fram greining á stöðunni eins og hún er í dag, markmið og aðgerðir til að ná markmiðum, úrgangsförvarnir, endurvinnsla og endurnýting.

Helstu áskoranir sveitarfélaganna eru innleiðing á nýjum reglum og að breyta viðhorfi fólks til úrgangsmála. Sveitarfélög gegna veigamiklu hlutverki þegar kemur að úrgangsstjórnun og innleiðingu hringrásarhagkerfis. Umfangsmiklar lagabreytingar voru samþykktar á alþingi í júní 2021 um flokkun og endurvinnslu, hollustuhætti, mengunarvarnir, úrvinnslugjald og fleira. Þessar breytingar koma flestar til framkvæmda 1. janúar 2023 og er ætlað að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis svo stuðla megi að sjálfbærri auðlindanotkun og draga úr myndun úrgangs“

Umsögn:

Sveitarfélögum ber að skila áætlun um meðhöndlun úrgangs. Eftir að lög um úrgangsmál breyttust standa sveitarfélögin á Vestfjörðum frammi fyrir margháttuðum áskorunum í úrgangsmálum og töluvert auknum kostnaði ef ekki næst árangur í forvörnum, flokkun og flutningskostnaði. Svæðisáætlunin gefur kost á því að sveitarfélögin greini sameiginlega hagsmuni sína og finni sameiginlegar lausnir á þeim úrgangsvandamálum sem að steðja. Vinna að gerð áætlunarinnar er hafin og stefnt að henni ljúki haustið 2024. Skipuð hefur verið verkefnastjórn eftir tilnefningum sveitarfélaga á Vestfjörðum. Dagleg stjórnun er hjá verkefnastjóra Vestfjarðastofu en einnig hefur verið fenginn ráðgjafi að verkefninu, sérfræðingur í gerð slíkra áætlana.

Landsskipulagsstefna og aðrar áætlanir ríkisins í umhverfismálum setja sveitarfélögum fyrir að vinna að umhverfismálum, hringrásarhagkerfi og sjálfbærni. Telja verður að almennur vilji sé hjá sveitarfélögum að vinna að þessum þáttum og hefur þannig lengi verið til staðar þó framkvæmd hafi verið brotakennd. Atvinnulíf svæðisins byggir einnig á því að ekki sé gengið á náttúru svæðisins og kaupendur afurða krefjast í auknu mæli vottunar á framleiðslu fyrirtækjanna og meðhöndlun úrgangs er þar stór þáttur.

Sveitarfélögin vinna nú að mörkun stefnu í málaflokknum sem mun gefa vísbendingar um hvaða leiðir og lausnir eigi að stefna að. Tryggja verður að svæðisáætlun um úrgang verði í gagnvirkum tengslum við gerð Svæðisskipulagsins og við Loftslags- og orkuskiptaáætlanir og umhverfisvottun Vestfjarða, sem nú er hjá EartCheck.

Loftlagsstefna

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Bolungarvík 6. og 7. október 2023, ályktaði um að „beinir þeim tilmælum til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga að láta hefja vinnu við gerð loftslagsstefnu fyrir Vestfirði. Loftslagsstefnan verði hluti af svæðiskipulagi

sem markar m.a. meginstefnu og langtímaframtíðarsýn í umhverfis- og byggðamálum Vestfjarða.

Stefnan, ásamt markmiðum um samdrátt í losun og aukningu í kolefnisbindingu og tilsvarendi aðgerðaáætlun, verði einn af lyklunum að sjálfbærri þróun á Vestfjörðum. Loftslagsstefnan verði unnin í samræmi við aðra áætlanagerð í umhverfismálum, eins og t.d. svæðisáætlun um úrgang.“

Umsögn.

Gerð loftslagsstefnu hefur verið lagaskylda sveitarfélaganna síðan 2012. Lögin nr 70/2012 gefa litla forskrift um innhald hennar að öðru leyti en að hún: „... skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð“. Undirbúningur að gerð Loftslagsstefnu hófst skömmu fyrir síðustu áramót. Vinna við hana fellur að stóru leyti saman með gerð svokallaðra „orkuskiptaáætlana“ en Vestfjarðastofa er aðili að Evrópuverkefningu RECET (Regional Europe for Clean Energy Transition) þar sem stefnt er að gerð þeirra fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum.

En þar sem orkuskiptaáætlanir eru ekki einskorðaðar við eigin starfsemi sveitarfélaganna (krafa laganna er einungis um eigin starfsemi) verða „loftslags- og orkuskiptaáætlun“ lítilega metnaðarfyllri en strípuð loftslagsstefna. Æskilegt er að í almenn stefnumótun Svæðisskipulags endurspegli það.

Þar sem enn hafa loftslags- og orkuskiptaáætlanir ekki verið mótaðar og mikilvægt að fá fram sjónarmið um loftlagsmál við gerð lýsingar. Áskorun eða verkefnið hér er að við gerð lýsingar svæðisskipulags verði samhliða gerð lýsing á loftslagsstefnu, þannig að megindrættir verði samhljóða.

Orkumál og flutningsmál raforku.

Á Orkuþingi Vestfjarða 2023¹² er stöðu raforkumála lýst sem hér segir

- Nýjar vatnsaflsvirkjanir. Bygging vatnsaflsvirkjunar að lágmarki 25 MW eða stærri innan Vestfjarða og tenging við flutningsnet er grundvallar þáttur í úrlausn orkumála á Vestfjörðum. Virkjanakostir sem samþykktir hafa verið í Rammaáætlun þ.e. Austurgilsvirkjun og Ófeigsfjarðarvirkjun á Ströndum geta afhent slíkt afl, sömuleiðis virkjunarkostur í Vatnsdal í Vatnsfirði sem er í athugun. Áætlaður undirbúnings og framkvæmdatími þessara virkjana er mismunandi en er um 4 til 8 ár eftir verkefnum, en þar er Austurgilsvirkjun næst í tíma. Í undirbúningi er síðan allt að 10 MW vatnsaflsvirkjun í Steingrímsfirði.
- Efling flutningskerfis. Tenging nýrra virkjana stærri en 25 MW, eru áfangar í tvöföldun Vesturlínu en uppbygging tengipunkts í Ísafjarðardjúpi er þar lykilkþáttur. Aflaukning sem hér um ræðir mun auka afhendingaröryggi á norðan og sunnanverðum Vestfjörðum um 90%. Samhliða stórminnka flutningstöp um

¹² <https://www.vestfirdir.is/is/moya/news/orkuthing-vestfiarda-2023-thad-er-ekki-annad-hvort-eda-heldur-baedi>

Vesturlínu og afköst línunnar myndu aukast úr 50 í 100 MW og við bestu aðstæður 150 MW.

- Tenging nýrra virkjana munu leysa af varaafli sem knúið er jarðefnaeldsneyti í dag, en uppsett varaafli til raforkuframleiðslu getur framleitt um 28 MW og 12 MW afl olúkatla tengt fjarvarmaveitum. Á árinu 2022 nam notkun jarðefnaeldsneytis til hitunar 2,1 milljón lítrum auk notkunar varaafls [áætluð notkun veturinn 2023-2024 eru 7 milljón lítrar].
- Óvissa með vatnsréttindi. Til að hefja framkvæmdir við virkjanir, þarf að fá niðurstöðu við erindi Vesturverks til ríkisins, um eignarhald og afstöðu ríkisins í tengslum við kröfugerð Óbyggðanefndar varðandi nýtingu vatnsréttinda á Ófeigsfjarðarheiði. Eins þarf að fá afstöðu ríkisins til erindis Orkubús Vestfjarða um breytingu á friðlýsingarskilmálum vatnasvæðis á sunnaverðu Glámuhálendi, vegna virkjunarkosts í Vatnsdal.
- Nýting jarðhita. Fram kom að rannsóknir (borun) á jarðvarma verða framkvæmdar á þessu ári. Verði niðurstöður jákvæðar verður mögulegt að skipta út rafhitun á fjarvarmaveitum í Skutulsfirði og Patreksfirði og minnka raforkunotkun um 10-12 MW sem nýta má til orkuskipta. Í Steingrímsfirði gæfist aukið færi á uppbygginu nýrra atvinnutækifæra og skoða forsendur fyrir hitaveitu á Hólmavík og nágrenni. [Jarðhitaleit á árinu 2023 skilaði litlum árangri en rannsóknum er haldið áfram]
- Afhendingaröryggi raforku. Hringtengingu flutningskerfis raforku á norðan og sunnaverðum Vestfjörðum er líklega lokið á næstu þrem árum. Afl (10 MW) frá nýrri vatnsaflsvirkjun í Steingrímsfirði sem er í undirbúningi, myndi vera ígildi hringtengingar fyrir samfélag og atvinnulíf á Ströndum.

Þrífösun dreifkerfis heldur áfram m.a. að Örlygshöfn í Patreksfirði, í Álftafirði, í Gufudalssveit og í Árneshreppi en verkefni eru mjög víða eftir. Ný aðveitustöð verður tekin í notkun á Nauteyri í Ísafjarðardjúpi og aukin flutningsgeta jarðstrengs um Steingrímsfirði, styrkir það atvinnuuppbyggingu í Ísafjarðardjúpi.

- Orkuskipti og aukin eftirspurn. Áætlað er að 20 MW þurfi fram til 2030, vegna orkuskipta í höfnum, rafvæðing smábáta, þungaflutninga og einkabíls og hátt í 15 MW til að mæta fyrirséðri eftirspurn nýrra fyrirtækja. Orkuþörf á Vestfjörðum fer því úr um 50 í 85 MW og eykst enn eftir því sem orkuskipti ganga fram. Ljóst er að vanda þarf val á staðsetningum hleðslustöðva vegna þungaflutninga um stofnvegi á Vestfjörðum og í tengslum við Breiðafjarðarferju.

Mikið er til af gögnum þar sem þessari stöðu er lýst og mögulegum úrlausnum. Góð samantekt á stöðu og tillögum að aðgerðum er nú að finna í tveim skýrslum sem starfshópar annarsvegar ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra á árinu 2022¹³ og hinsvegar umhverfis, orku og loftlagsráðherra ráðherrar orku og umhverfismála á árinu 2023¹⁴.

Umsögn

¹³ https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Raforkumal_Vestfjarda_skyrsla_2022.pdf

¹⁴ https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/2023/efling_samfelags_a_vestfjordum-juni-2023.pdf

Orkukerfið á Vestfjörðum er það veikasta á landinu vegna óheppilegs samspils lítillar orkuframleiðslu og ótryggs flutningskerfis til landshlutans þ.e. lengd flutningslínu og mjög erfið veðurskilyrði. Skýrslur starfshópa ráðherra orkumála og umhverfismála lýsa málum vel og seinni skýrslan var unnin á grundvelli samtals við allar sveitarstjórnir á Vestfjörðum.

Samkvæmt orkuspám má gera ráð fyrir að ein flutningslína til Vestfjarða mun ekki anna flutningi upp úr 2030, nema til komi virkjun með 25 MW afli innan Vestfjarða. Ein flutningslína mun ekki anna flutningi eftir 2040 þrátt fyrir virkjun með 25 MW innan Vestfjarða. Núverandi flutningslína var tekin í notkun um 1980, komið er að endurnýjun hennar vegna slits og aldurs.

Þingsályktun um flutningsmál raforku setti stjórnvöldum það markmið að tryggja N-1 tengingu (hringtenging í Mjólka) í öllum landshlutum fyrir árið 2030. Vestfirðir eiga að vera þar í forgangi. Verði ekki byggingu virkjana stærri en 25 MW verður ekki hægt að standa við þetta markmið og tvöföldun flutningslínu er þá eina lausnin. Landsnet er ekki með tvöföldun flutningslínu í Kerfisáætlun 2023-2032 og hefur svarað umsögn Fjórðungssambands um Kerfisáætlun, á þá leið að uppbygging línunnar sé ekki hagkvæmur kostur, kostnaðarsöm framkvæmd og tekjur aukast hægt. Landsnet setur því áherslu á að byggð sé virkjun innan Vestfjarða.

Rammaáætlun setur tvo virkjanakosti í orkunýtingarflokk sem geta framleitt 25 MW eða meira, Ófeigsfjarðarvirkjun og Austurgilsvirkjun. Samkvæmt upplýsingum úr rammaáætlun eru báðir virkjanakostir metnir lágt í hagkvæmni (hagkvæmniflokkur 5 af 7) og tenging virkjana er því viðkvæm gagnvart kostnaði. Að hálfu Landsnets er í skoðun uppbygging tengipunktar upp af Langadal við hlið þjóðveggar um Steingrímsfjarðarheiði, lítið hefur unnið með verkefnið frá árinu 2022. Að óbreyttu virðist vera pattstaða með þessa virkjanakosti þar sem flutningsaðili og virkjanaaðili ná ekki samkomulagi um flutning raforku.

Samkvæmt frumúttekt Verkís fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga má finna 30 til 40 smávirkjanakosti á Vestfjörðum¹⁵. Smávirkjanir bæta öryggi að einhverju leyti en eru ekki til að leysa meginvanda orkukerfisins.

Virkjun í Vatnsdal inn af Vatnsfirði getur samkvæmt frumdrögum Orkubús Vestfjarða framleitt 30 MW og flutningslína frá Vatnsfirði í tengipunkt í Mjólka telst auðveld í framkvæmd. Sóst er eftir að hálfu Orkubús Vestfjarða sem virkjanaaðila að fá virkjunina metna innan Rammaáætlunar, en til þess þarf undanþágu frá friðlýsingarskilmálum friðlands í Vatnsfirði, þá kæmu fram upplýsingar til samanburðar við aðra virkjanakosti.

Umhverfis-, orku og loftlagsráðherra hefur látið kanna afstöðu hagaðila til þessa máls. Skiptar skoðanir eru um málið m.a. telur meirihluti bæjarstjórnar Vesturbyggðar að ekki eigi að aflétta friðunarskilmálum vegna mikils verndargildis Friðlands í Vatnsfirði. Leggja eigi fyrst áherslu á tvöföldun flutningslínu til Vestfjarða og nýta virkjunarkosti í Rammaáætlun.

Áskorun svæðisskipulags er að virkjanakostir sem geta stórbætt flutning raforku til Vestfjarða eru á landssvæðum sem hafa verulegt eða hátt verndargildi og eru minna hagkvæmir en aðrir virkjanakostir í landinu. Tvöföldun flutningslínu telur Landsnet að sinni of kostnaðarsama og virkjun innan Vestfjarða sé betri kostur.

¹⁵ <https://www.vestfirdir.is/static/files/Utgefingogn/smavirkjanir-a-vestfjordum-nota.pdf>

Orkumál og flutningsmál raforku á Vestfjörðum eru því í áfram í pattstöðu. Þessi staða hefur í gegnum síðustu áratugi leitt til lélegri launaþróunar og svæðið hefur misst af tækifærum sem ella gætu verið til staðar ef aðgengi hefði verið að orku. Orkuspá bendir á aukna eftirspurn vegna fjölgunar íbúa og uppbyggingar atvinnulífs, orkuskipti eru hafin og kalla á aukna sjálfbæra orku. Að óbreyttu mun samfélag og atvinnulíf staðna og síðan hnigna, áskorun Svæðisskipulags er hvort það geti leyst þessa pattstöðu með nýjum tillögum varðandi notkun lands.

Þjóðgarður á Vestfjörðum

Samhliða ályktun um gerð svæðisskipulags á 67. Fjórðungsþingi Vestfirðinga, 2022 var samþykkt ályktun um stofnun þjóðgarðs á Vestfjörðum. Þar er skorað á umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að taka upp að nýju vinnu við stofnun þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum í samstarfi við sveitarfélög á Vestfjörðum. Vísað þar til tillögu umhverfisráðherra frá 2021 sem ekki náði fram að ganga.

Í ályktuninni segir síðan að mikil tækifæri eru fólgin í stofnun þjóðgarðs. Markmið með þjóðgarði er að vernda og varðveita til framtíðar einstakt svæði sem inniheldur m.a. friðlandið í Vatnsfirði og tvö náttúruvætti, Dynjanda og Surtabrandsgil. Í drögum að friðlýsingarskilmálum sem lágu til umsagnar árið 2021 er sérstaklega tekið tillit til núverandi nýtingar innan svæðisins sem og nauðsynlegrar innviðaupbyggingar m.a. veglagningu um Dynjandisheiði. 67. Fjórðungsþing leggur áherslu á að ekki verði settar íþyngjandi takmarkanir við framtíðarorkuöflun innan marka þjóðgarðsins, viðhald og endurnýjun flutningslína raforku og orkumannvirkja verði ekki takmörkuð sem og uppbygging samgöngu- og fjarskiptamannvirkja, m.a. á Dynjandisheiði.

Umsögn

Ljóst er að fjöldamargir möguleikar eru til stofnunar þjóðgarðs á Vestfjörðum. Þótt undanfarin ár hafi mest borið á umræðu um „Dynjandisþjóðgarð“ (með eða án virkjunar), hafa aðrir kostir verið í umræðu, eins og t.d. þjóðgarður við Látrabjarg eða í Árneshreppi. Víst er að víðerni eru stór á Vestfjörðum, sérstaða náttúrufars og sögu mikið og landslagsfegurð mikil og því miklir möguleikar til stofnunar þjóðgarðs. Í umræðu um umhverfis- og náttúruvernd í svæðisskipulagsgerðinni væri æskilegt að fjalla um stofnun þjóðgarða í samhengi við aðrar tegundir friðunar og hvernig vernd og nýting geti farið saman. Reynslan sýnir að þjóðgarðar eru það fyrirbæri sem best styður við atvinnuuppbyggingu af þeim friðunarformum sem bjóðast.

Sóknarhópur Vestfjarðastofu¹⁶

Samkvæmt samþykktum Vestfjarðastofu starfar samstarfsvettvangur fyrirtækja á Vestfjörðum eða „Sóknarhópur Vestfjarða“, sem er ætlað að vinna að hagsmunum atvinnulífs og landshlutans í heild. Fyrsti fundur þessa vettvangs var í nóvember 2023 en hann var formlega stofnaður í maí 2023 og hafði þá verið staðið að undirbúningi um nokkurt skeið.

¹⁶ <https://www.vestfirdir.is/is/vestfjardastofa/hagsmunadilar>

Sóknarhópurinn byggir einnig að grunni til, á áralöngu samstarfi ferðapjónustufyrirtækja innan Markaðsstofu Vestfjarða á grunni Ferðamálasamtaka Vestfjarða, en nú koma að honum öll fyrirtæki á Vestfjörðum sem vilja starfa innan Sóknarhóps.

Samspil og samþætting stefnuskjala

Tímarammi fyrir gerð svæðisskipulags er þröngur en Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að fyrirliggjandi gögn og vinna að nýjum stefnuskjöllum og áætlunum, geti hraðað vinnu við gerð svæðisskipulagsins. Í minna mæli þurfi að vinna ný gögn, auk þess sem nýta megi eða samþætta samráð sem átt er við hagaðila og almenning við stefnumótun annarra stefnuskjala. Eins vísar Fjórðungssambandið til gagna sem Vestfjarðastofa hefur unnið upp og vinnur reglubundið að varðandi samfélög og atvinnulíf á Vestfjörðum.

Sóknaráætlun 2025-2029

Ljúka þarf vinnu við gerð nýrrar sóknaráætlunar undir lok árs 2024 þannig að hún geti tekið gildi í upphafi árs 2025. Í verkáætlun svæðisskipulags á að sama tíma vinna að lýsingu og forvinna kynningartillögu sem kynnt verður á 69. Fjórðungsþingi Vestfirðinga sem haldið er í október 2024.

Lögð er áhersla á að samþætta vinnu samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vestfjarða við framangreinda verkþætti svæðisskipulagsins og ná fram sameiginlegum sjónarmiðum er varða stöðumat, framtíðarsýn og setningu markmiða. Endanleg samþætting framtíðarsýnar sóknaráætlunar við samþykkt svæðisskipulag verður hinsvegar við endurskoðun sóknaráætlunar á árinu 2026 og tæki gildi 2027.

Umsögn: Mótun nýrrar sóknaráætlunar er unnin í samstarfi við Urbana og VSÓ. Markmið og áherslur nýrrar sóknaráætlunar eru samþættaðar vinnu svæðisskipulags og vísast til þeirrar vinnu. Áskorunin er að stefnuviðmið sóknaráætlunar falli að svæðisskipulagsgerð.

Krossgötur, Sviðsmyndir

Drifkraftar sviðsmynda eru taldir vera annars vegar viðhorf og athafnir stjórnvalda en hinsvegar þekkingarstig. Með þessum drifkröftum dragast upp fjórar sviðsmyndir; Vestfirski þjóðgarðurinn, Aftur til fortíðar, Vestfirðir í sókn og Vestfirsk seigla.

Lögð er áhersla að skoða greinda drifkrafta og sviðsmyndir sem af þeim leiðir við gerð lýsingar og frumdraga að svæðisskipulagi.

Áfangastaðaaætlun Vestfjarða 2018¹⁷, endurskoðuð aðgerðaáætlun 2021 og 2024¹⁸ og Vestfjarðaleiðin¹⁹

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að hér sé um að ræða stefnuskjöl sem leggja verður til grundvallar við gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði.

Sóknarhópur Vestfjarða.

Sóknarhópur Vestfjarða mun í lok janúar 2024 standa fyrir umfjöllun hvernig megi efla ímynd Vestfjarða. Lögð er áhersla á að við gerð svæðisskipulags verði þessi

17

https://www.vestfiridir.is/static/files/Ferdathjonusta/Afangastadaaaetlun/afangastadaaaetlun_vestfjarda.pdf

18 https://www.vestfiridir.is/static/files/Ferdathjonusta/Afangastadaaaetlun/121089-vestfjardastofa_dmp24-isl-web.pdf

19 <https://www.vestfiridir.is/is/verkefni/markads-og-afangastadastofa/vestfjardaleidin>

samstarfsvettvangur nýttur til samráðs og reynt að samþætta vinnu að svæðisskipulagi við vinnu sóknarhópsins.

Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030

Aðild Strandabyggðar og Reykhólahrepps setur ramma fyrir viðfangsefni svæðisskipulags fyrir Vestfirði og gæta þarf að því að ekki verði mótsagnir eða skörun á viðfangsefnum þessara skipulagsáætlana.

Orkumál og flutningsmál raforku.

Til að mæta orkuskortum, orkuskiptum, fjölgun íbúa og eflingu atvinnulífs þarf að þrýsta á að unnið verði úr tillögum starfshóps umhverfis-, orku og loftlagsráðherra. Taka þarf afstöðu um nálgun svæðisskipulags á uppbyggingu virkjana (vatnsafl, vindafl og sjávarorka) innan Vestfjarða og staðsetningu flutningslína raforku tengdum þessum virkjanakostum og tvöföldun tengingar flutningslínu við flutningskerfið í landinu. Treysta verður á að vinna að svæðisskipulagi þrýsti á stjórnvöld að taka ákvarðanir er varða framleiðslu og flutning raforku innan og til Vestfjarða.

Jarðgangaáætlun Vestfjarða²⁰ og Samfélagsgreining vegna jarðgangna²¹

Fjórðungssambandið stóð fyrir gerð sértækrar jarðgangaáætlunar fyrir Vestfirði og greiningu á væntum samfélagslegum áhrifum jarðgangna. Að verkefninu stóðu öll sveitarfélög á Vestfjörðum þar sem þau leggja áherslu á tengingu atvinnusvæða í forgangsröðun jarðgangaverkefna.

Lögð er áhersla að við gerð svæðisskipulags verði þessi forgangsröðun og greining á áhrifum innviðaupbyggingar á framþróun samfélaga og atvinnulífs og svæðisskipulag marki hér framtíðarstefnu.

Þjóðgarður á Vestfjörðum

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að hér sé um að ræða ályktun vinna þarf með við mótun svæðisskipulags.

Gögn um samfélag og atvinnulíf

Íbúakannanir

Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa frá árinu 2016 gert könnun á meðal íbúa um viðhorf þeirra til búsetu. Hér er að finna mikilvæg gögn fyrir svæðisskipulagsvinnu og mælikvarðar á árangur til lengri tíma lítið. Unnið hefur verið úr þessum könnunum á margvíslegum hætti hér er sem dæmi, bent á skýrslu „Sínum augum lítur hver á silfrið“²² þar sem skoðuð er afstaða íbúa til þjónustu og búsetuþarfir í minni samfélögum og borið saman við íbúa fjölmennari samfélaga.

Vestfjarðastofa hefur í tvígang þ.e. 2020 og 2022, látið vinna viðhorfskönnun varðandi afstöðu íbúa á Vestfjörðum til fiskeldis og samgangna á Vestfjörðum. Samanburður á milli þessara kannanna var kynntur í febrúar 2023²³. Við vinnu að gerð svæðisskipulags þá eru hér mikilsverðar upplýsingar og mælikvarðar á árangur til lengri tíma lítið.

²⁰ https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/jardgangaaetlun_2021_lokaskjal-1-.pdf

²¹ <https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/2022/jardgong-a-vestfjordum-lokaskjal-1.1.pdf>

²² <https://ssv.is/wp-content/uploads/2021/12/Sinum-augum-lokaeintak-ISLENSKA.pdf>

²³ <https://www.vestfirdir.is/static/files/Fiskeldi/vidhorfskonnun-samanburdur-2020-2022-um-fiskeldi-og-samgongur.pdf>

Samfélagssáttmáli sveitarfélaga um fiskeldi²⁴

Sveitarfélög sem eiga lögsögumörk að strandsvæði þar sem heimilt er að ala frjóan lax í sjókvíum, eiga aðild að samfélagssáttmála um fiskeldi þar sem sett er leiðarljós um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð. Í vinnu að gerð svæðisskipulags þarf að taka afstöðu um nálgun á framþróun fiskeldis innan Vestfjarða.

Innviðagreiningar

Vestfjarðastofa hefur byggt upp gagnasafna um samfélagsþróun á Vestfjörðum. Gagnasafnið er vinnuskjal þar sem þar er að finna gögn um tekjur einstaklinga og fyrirtækja sem unnið hefur verið upp úr álagningaskrá. En Vestfjarðastofa mun eftir samkomulagi hverju sinni vinna fyrir svæðisskipulagsnefnd birtingarhæf gögn úr þessu gagnasafni og tengja við fólksfjöldapróun, húsnæðisþörf o.fl.. Í gagnasafninu er einnig að finna samantekt úr aðal og deiliskipulagi sveitarfélaga um nýtingu lands, veitukerfi, hafnir o.fl.

Menningarmál og menningarstefna

Heildstæð menningarstefna fyrir Vestfirði hefur ekki verið endurnýjuð frá árinu 2007. Hinsvegar hefur stefnumörkun í menningarmálum fylgt gerð sóknaráætlana og endurskoðun þeirra, nú síðast árið 2023 við endurskoðun Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024. Meginmarkmið eru að á Vestfjörðum blómstri menning sem er studd af öflugum fyrirtækjum og sveitarfélögum. Þar sé auðugt listalíf, viðburðir og framúrskarandi aðstaða til útveru. Settar eru tólf áherslur sem vinna á að 2023 og 2024 m.a. að efla samstarf í menningarmálum, auka þátttöku almennings í menningar og félagsstarfi, efla atvinnustarfsemi á sviði menningarmála, efla menningu barna og ungmenna og varðveita sérkenni menningar.

Einstök sveitarfélög hafa einnig mótað menningarstefnu s.s. Ísafjarðarbær og ber að skoða þær við gerð svæðisskipulags.

Fyrri vinna og eldri gögn

Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum vegna svæðisskipulagsgerðar²⁵.

Sveitarfélög á Vestfjörðum unnu lýsingu og frumdrög á svæðisskipulagstillögu á árunum 2016 til 2017 og lögðu fyrir sveitarstjórnir 2018. Ekki náðist samstaða um að fylgja tillögunni eftir, en þó var ákveðinn vilji fyrir því að verkefnið yrði tekið upp að nýju að afloknum sveitarstjórnarkosningum 2018. Strandabyggð og Reykhólahreppur höfðu einnig hafið vinnu að gerð svæðisskipulags með Dalabyggð og töldu sig ekki geta unnið að tveim skipulagsáætlunum á sama tíma.

Hér liggur fyrir greiningarvinna sem nýta má að hluta sem grunn að gerð a.m.k. lýsingar fyrir nýtt svæðisskipulag og hugsanlega sem frumdrög.

Önnur stefnuskjöl og áætlanir sem eru í undirbúningi á vettvangi sveitarfélaga Vestfjörðum munu nýta grunn gögn sem tilgreind voru í þessari vinnu að gerð svæðisskipulags.

²⁴ [210715-samfelagssattmali-um-fiskeldi-med-undirskriftum.pdf \(vestfiridir.is\)](https://www.vestfiridir.is/210715-samfelagssattmali-um-fiskeldi-med-undirskriftum.pdf)

²⁵

https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/stefnumorkun_sveitarfelaga_fyrir_svaedisskipulag.pdf